

AUGLÝSING

um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:
Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll, Austurlandsprófastsdæmi, sam-
einist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti Kolfreyjustaðarprestakalls verði Austfjarðaprestakall.

2. gr.

Sameining hvers prestakalls sem tilgreint er í 1. gr. öðlist gildi við starfslok hlutaðeigandi
sóknarprests.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2019